

ORF Líftækni hf
Víkurbær 7
203 Kópavogur

Reykjavík 31. maí 2019
UST201901-251/S.M.
11.18.03

Efni: Reglubundið eftirlit, 11. 4. 2019, hjá Orf Líftækni, Víkurbær 7.

Þann 11. apríl sl. fór fram eftirlit í Orf Líftækni, Víkurbær 7. Í samræmi við 5. grein reglugerðar nr. 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit en einni ábendingu komið á framfæri um að uppfæra þyrfti tengilið Umhverfisstofnunar í viðbragðsáætlun. Brugðist hefur verið við ábendingunni.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Halla Einarsson

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

EFTIRLITSSKÝRSLA

ORF Líftækni hf Víkurhvarf 7



Dags eftirlits	11.4.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	ORF Líftækni hf	Eftirlitsmaður	
Heimili	Víkurhvarf 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4202013540	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Már Björnsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með starfsemi Orf Líftækni hf. að Víkurhvarfi 7 í Kópavogi. Engin frávik voru frá starfsleyfinu en ein ábending var gerð í eftirlitinu.

UMFANG EFTIRLITS

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Skráningar og meðhöndlun úrgangs og spilliefna (gr. 2.1, gr. 2.2, gr. 3.2)
3. Afmörkunar- og öryggisráðstafanir (gr. 2.3, gr. 3.1)
4. Viðbragðsáætlun og tilkynningar vegna mengunaróhappa (gr. 4.2, gr. 4.3)
5. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
6. Skoðunarferð um viðeigandi svæði

Jón Már Björnsson leiddi skoðunarferð um rannsóknarstofur og frægeymslu að Víkurhvarfi 7 og samtímis var farið yfir ákvæði starfsleyfisins samkvæmt umfangi eftirlitsins.

Umfang starfseminnar er í samræmi við starfsleyfi. Rekstraraðili spurði um ferlið varðandi breytingar á umfangi starfsleyfisins, en möguleiki er á að fyrirtækið taki að sér tímabundið að rækta og vinna aðrar erfðabreyttar plöntur en tiltekið er í núverandi starfsleyfi. Ef til þess kemur þarf rekstraraðili að sækja um breytingu á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar.

Skráningar og meðhöndlun úrgangs og spilliefna er í samræmi við starfsleyfi. Á rannsóknastofu er vinnudagbók í notkun þar sem skráð er hvað er verið að vinna með hverju sinni.

Afmörkunar- og öryggisráðstafanir eru í samræmi við starfsleyfi. Aðgangsstýring er inn á gang þar sem rannsóknastofur eru staðsettar sem og í frægeymslu. Verkferlar eru í gangi varðandi dauðhreinsun á menguðum áhöldum, efni og úrgangi.

Viðbragðsáætlun og verkferlar varðandi tilkynningar vegna mengunaróhappa er í samræmi við starfsleyfi. Viðbragðsáætlun hangir upp á vegg inni á rannsóknastofu. Ein ábending var gerð um að uppfæra þurfi tengilið Umhverfisstofnunar í viðbragðsáætlun yfir í Teymi mengunareftirlits og að einnig mætti senda tilkynningar um mengunaróhöpp á ust@ust.is.

Skoðunarferð um þau svæði þar sem unnið er með erfðabreyttar lífverur leiddi í ljós að aðstaða er snyrtileg og starfsemi í samræmi við starfsleyfi.

ÁBENDINGAR

1. Uppfæra þarf tengilið Umhverfisstofnunar í viðbragðsáætlun. Rekstraraðili hefur þegar bætt úr þessu og sent stofnuninni uppfærða viðbragðsáætlun.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 16.04.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir